



Reglur um götusölu og útimarkaði á svæðum í eigu/eða umsjá Dalvíkurbyggðar

1. gr.

Tilgangur; almennar forsendur fyrir götusölu og útimarkaði

Götusala og útimarkaðir geta glætt byggðina lífi og aukið fjölbreytni. Reglum þessum er ætlað að tryggja að vel sé að þessum málaflokkki staðið, söluvagnar og söluborð séu í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gegnsæjar fyrir áhugasama söluaðila.

Götusala og útimarkaðir á við um hvers konar sölustarfsemi sem fer fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og opnum svæðum. Götusala og útimarkaðir eru leyfisskyldir og eru leyfi gefin út til ákveðins tíma. Minniháttar góðgerðarsölur, s.s. tombólur barna og ungmenna, eru ekki leyfisskyldar samkvæmt reglum þessum. Önnur sala, sem hvorki krefst yfirbyggingar né sérstakrar aðstöðu að neinu leyti, t.d. dagblaðasala eru heldur ekki leyfisskyldar samkvæmt reglum þessum. Ávallt ber þó að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu.

Umhverfis- og tæknisvið er umsjónaraðili götusölu og útimarkaða og sér um framkvæmd leyfisveitinga, eftirlit og upplýsingagjöf. Leyfisveiting byggir á mati umsókna þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi og umgjörð hennar; vöruvali, sölutíma, staðsetningu og útliti söluvagns eða söluborðs.

Forsendur fyrir notkun á opinberum vegsvæðum er að björgunar-/viðbragðsaðilar hafi ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfskilyrði. Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði hreinu og mögulegar skemmdir á svæðinu verða lagfærðar af umhverfis- og tæknisviði og á kostnað viðkomandi leyfishafa.

Leyfi fyrir götusölu og útimarkað er ekki hægt að framselja eða framleigja.

Handhafi leyfis fyrir götusölu eða útimarkað skal greiða leyfisgjald sem kveðið er á um í samningi milli leyfishafa og leyfisveitanda við afhendingu leyfis.



Götusala og útimarkaðir mega ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar, né byrgja glugga rekstraraðila á svæðinu. Lágmarks fjarlægð frá inngangi rekstraraðila eru 7 metrar.

Leyfishafa er óheimilt að stunda götusölu eða vera með útimarkað annars staðar en leyfið kveður á um og taka meira pláss en skilgreint er samkvæmt leyfi

2. gr.

Umsóknarferli

Umsókn um afnot af opinberu svæði vegna götusölu eða útimarkaðs skal send til umhverfis- og tæknisviðs í síðasta lagi 7 dögum áður en starfsemi skal hefjast. Afmörkun á opinberum svæðum fyrir götusölu og útimarkaði skal staðfest af umhverfisráði samkvæmt tillögu frá umhverfis- og tæknisviði.

Við afhendingu umsóknar skal umsækjandi tilgreina ósk um staðsetningu og gildistíma, fylgja skal mynd af söluvagni og upplýsingar um stærð hans og þyngd.

Handhafar leyfis til götusölu eða útimarkaðar skulu uppfylla ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.

Umsækjandi sem selja vill matvæli skal sækja um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum og skila með umsókn.

Sækja skal um starfsleyfi vegna sölu á merkingarskyldri efnavörum s.s. snyrtivörum til Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og skila með umsókn.

Umhverfis- og tæknisvið hefur fullnaðarheimild til þess að afgreiða umsóknir um götusölu og útimarkaði en skal leita álits viðkomandi stjórnenda Dalvíkurbyggðar ef óskað er eftir staðsetningu söluvagns eða söluborðs við stofnanir sveitarfélagsins. Vafaatriði skulu lögð fyrir umhverfisráð.



3. gr.

Staðsetningar

Umhverfis- og tæknisvið ákvarðar staðsetningu og stærð svæðis fyrir götusölu og útimarkaði. Ekki er gert ráð fyrir tengingum við veitukerfi, svo sem vatnsveitu eða rafveitu.

Útimarkaðir og dagsala: Sala er heimiluð frá kl. 09:00 til kl. 18:00, leyfishafi getur framlengt þann tíma til kl. 21:00, nema að annað sé ákveðið. Leyfishafi skuldbindur sig til viðveru á leyfisstað í 80% af þeim sölutíma sem skilgreindur er í leyfi. Gerð er sú krafa að útlit söluvagns eða söluborðs fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað.

Nætursala: Sala er heimiluð frá kl. 22:00 til kl. 03:00, nema að annað sé ákveðið. Leyfishafi skuldbindur sig til viðveru á leyfisstað í 80% af þeim sölutíma sem skilgreindur er í leyfi. Gerð er sú krafa að útlit söluvagns eða söluborðs fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað.

4.gr.

Skyldur leyfishafa – Umgengni

Handhafa leyfis til götusölu og útimarkaðar er skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu.

Engin ummerki skulu vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er samkvæmt leyfi, þ.e. söluvagn/tjald skal ávallt fjarlægja utan sölutíma.

Handhafa leyfis til götusölu og útimarkaðar er sjálfum skylt að sjá um snjómokstur í nánasta umhverfi vagnsins og hálkuvarnir eftir atvikum, þannig að öryggi vegfaranda sé á hverjum tíma tryggt.

Verði á þessu misbrestur getur umhverfis – og tæknisvið látið fjarlægja söluvagna eða hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa.



5. gr.

Útlit og merkingar

Ákvörðun um að veita leyfi til götusölu og útimarkaðar byggir m.a. á útliti söluvagns og söluborða. Gerð er sú krafa að útlit söluvagns eða söluborðs fari vel í umhverfinu, að efnsinotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað. Ekki er heimilt að nota bíla, húsbíla eða hjólhýsi sem söluaðstöðu en umhverfis- og tæknisviði er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, í sérstökum tilvikum.

Óheimilt er að setja upp hvers konar auglýsingaskilti og merkingar á söluvagn eða söluborð nema í því skyni að auðkenna viðkomandi sölustarfsemi.

Öll viðföng, ruslafötur, skilti, merkingar og hvað annað sem tilheyrir sölustarfseminni skal staðsetja á fyrirfram skilgreindum stöðum samkvæmt umsókn og innan þess svæðis sem leyfið kveður á um. Óheimilt er að hengja skilti eða aðrar merkingar í nærliggjandi tré, húsveggi, skilti, straura o.s.frv. Útstillingarhlutir, skilti o.fl. mega ekki byrgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðarstjórnunar.

Leyfishafi þarf að vera tilbúinn að framvísa leyfi til götusölu eða útimarkaðar ef þess bær yfirvöld óska eftir.

6. gr.

Uppsögn, lok og afturköllun leyfis

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur hvenær sem er verið afturkallað ef ákvæði reglna þessara og leyfis hafa verið brotin, án endurgreiðslu leyfisgjalds. Við uppsögn leyfis hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax alla fylgihluti og innréttingar. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur umhverfis- og tæknisvið sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.

7. gr.

Útimarkaðir á vegum annarra en Dalvíkurbyggðar

Aðilar sem ætla að standa fyrir útimarkaði, t.d. á bæjarhátíðum, skulu senda umsókn til umhverfis- og tæknisviðs þar sem tilgreindur er ábyrgðaraðili og fram skal koma í umsókn skilgreining á svæði sem sótt er um til afnota. Reglur þessar gilda um



útimarkaði og sölustarfsemi sem viðkomandi aðilar standa fyrir og bera þeir ábyrgð á að þátttakendur fari eftir reglum þessum.

8. gr.

Aðrar reglur og yfirvöld

Götusala og útimarkaðir hlýta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar, meðal annars um leyfilegan opnunartíma. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en leyfis frá sveitarfélaginu fyrir götusölu eða útimarkaði skal leyfisumsækjandi afla þeirra.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þann 29. júlí 2011.

Reglurnar taka gildi strax við samþykkt þeirra.